

## 1116. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. ágúst 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður VR, sem ritaði fundargerð.

Áður en fundur samkvæmt dagskrá hófst lagði Ólafía Björk til að Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður VR, riti fundargerð í fjarveru Árna Leóssonar sem allajafna ritar fundargerðina. Samþykkt.

Ólafía Björk lagði til breytingar á áður kynntri dagskrá fundarins, er varðar liðinn Önnur mál. Samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1115. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1115. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk ræddi þá umfjöllun sem verið hefur undanfarnar vikur um jafnaðalaun og benti á að þetta væri eitt af þeim málum sem tekin verða fyrir í herferð haustsins, Skóli lífsins. Afar brýnt er að taka þessa umræðu með ungum félagsmönnum.

Ólafía Björk fór því næst yfir stöðuna í samningamálum. Brestir eru komnir í þann samning sem undirritaður var í desember sl. vegna umframhækkana launa í kjarasamningum annarra hópa á vinnumarkaði sem gengu frá samningum á þessu ári. Við verðum að setja okkur í stellingar fyrir næstu skref. Kjaranefnd félagsins verður boðuð til fundar í næstu viku.

Ólafía Björk fór því næst yfir helstu hagtölur. Greiningaraðilar spá að meðaltali 3,2% hagvexti í ár, ljóst er að miklar breytingar eru á hagvexti, verulega mun draga úr utanríkisviðskiptum á næstu árum en hagvöxtur verður drifinn áfram af einkaneyslu og fjármunamyndun. Kaupmáttur samkvæmt tölum Hagstofu er á sama róli og 2006/2007. Miklir óvissuþættir eru í verðbólguþáttum en spár gera þó ráð fyrir 2,6% verðbólgu á árinu, 3,6% árið 2015 og 3,4% árið 2016. Störfum fjölgar á milli ára en Ólafía Björk benti á að hér sé í raun ekki um rauntölur að ræða, í tölum um atvinnuleysi eru t.a.m. ekki þeir aðilar sem misst hafa bótarétt sinn.

Ólafía Björk hvatti fundarmenn til að kynna sér bókun frá síðustu kjarasamningum um aukið viðskiptafrelsi og kaupmátt.

Umræður

### 3. Launakönnun VR – fyrstu niðurstöður

Steinunn Böðvarsdóttir, fagstjóri rannsókna, fór yfir fyrstu niðurstöður í launakönnun VR. Greiningu á launum einstakra starfsstétta var ekki lokið.

Könnunin sýnir að heildarlaun félagsmanna VR hækka um 7% á milli janúar 2013 og janúar 2014 og grunnlaun hækka um 6,8%. Á sama tímabili voru kjarasamningsbundnar hækkanir 6,1%. Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% og launavísitala VR um 6,1%.

Þá sýnir launakönnunin að munur á heildarlaunum karla og kvenna lækkar úr 14,4% í 13,3% og kynbundinn launamunur lækkar einnig, úr 9,4% árið 2013 í 8,5% í ár og er það í fyrsta skipti sem kynbundinn launamunur fer undir 9 prósentustig. Þetta er ekki marktækur munur milli ára 2013 og 2014 en þegar til lengri tíma er litið er munurinn marktækur.

Niðurstöður eru trúnaðarmál til 22. september þegar fyrirhugað er að birta þær opinberlega.

Umræður

### 4. Ímynd VR - könnun

Steinunn fór yfir niðurstöður nýrrar könnunar um viðhorf til VR og svör við spurningum um viðhorf til þjónustu VR í launakönnun 2014.

Niðurstöðurnar sýna að stöðugleiki einkenndi viðhorf til VR 2001 – 2008 en að breyting hafi orðið á 2009. Árið 2008 hafi 86% félagsmanna VR verið jákvæðir í garð félagsins, ári síðar var þetta hlutfall komið niður í 56% og í 45% árið 2010. Síðan hefur þetta hlutfall verið upp á við, var 67% árið 2013 og 61% í ár. Munurinn milli 2013 og 2014 er ekki tölfræðilega marktækur.

Niðurstöður spurninga um viðhorf til þjónustu VR, skv. launakönnun 2014, sýna að 85% þeirra sem nýtt hafa sér þjónustuna á sl. 12 mánuðum eru ánægð með hana á móti 77% árið 2013.

Umræður.

## 5. ASÍ þing og VR dagurinn

Ólafía Björk fór yfir minnisblað um fyrirkomulag á þingi ASÍ í október og VR deginum sem fyrirhugað er að halda þann 19. september nk. VR dagurinn er hugsaður sem undirbúningur fyrir þingið. Ólafía Björk bað fundargesti að kynna sér vel gögn fyrir þingið. Almenn ánægja meðal fundarmanna með fyrirkomulag undirbúnings þingsins í ár.

Forseti ASÍ hefur óskað eftir fundi með stjórn VR í tilefni þingsins og verður orðið við þeirri ósk.

Ólafía Björk skýrði fundarmönnum frá því að leitað hafi verið til hennar um framboð til varaforseta ASÍ á komandi þingi. Hún telji hins vegar að slíkt þjóni ekki hagsmunum VR og mun ekki gefa kost á sér.

Umræður.

## 6. Styrktarmál vegna 2015

Ólafía Björk fór yfir minnisblað um styrkveitingar félagsins 2015. Síðastliðin tvö ár hefur þema styrkveitinga félagsins verið líknarmál. Heildarupphæð styrkja fyrir árið 2014 er kr. 9,4 milljónir. Skiptar skoðanir voru meðal fundarmanna varðandi upphæðina og hvernig haga eigi styrkveitingum, t.d. til að tryggja betri dreifingu á fjármununum. Ólafía Björk bað fundarmenn um hugmyndir varðandi styrktarmálin árið 2015, þema og hvernig eigi að haga styrkveitingum. Þróunarsvið VR fékk það verkefni að taka saman minnisblað um styrkveitingar félagsins og fundarritara var gert að setja umræður á fundinum á minnisblað fyrir næsta fund stjórnar. Einnig var rætt um hvernig haga eigi fyrirkomulagi jólaaðstoðar félagsins í ár. Almennur vilji var hjá fundarmönnum að dreifa jólaaðstoð VR meira en verið hefur.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:45  
Steinunn Böðvarsdóttir fundarritari